

Ed. **334. Frumvarp til laga** [155. mál]
um greiðslu uppbótar á styrktarfé og eftirlaun.

(Lagt fyrir Alþingi á 85. löggjafarþingi, 1964—65.)

1. gr.

Á styrktarfé, eftirlaun og önnur laun, sem veitt eru á 18. gr. I og II a og b fjárlaga 1965 svo og fjórðung sömu framlaga á 18. gr. I og II a og b fjárlaga 1964, skal greiða 6.6% uppbót.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta.

Nýlega hefur samizt um 6.6% hækkun fastra launa ríkisstarfsmanna frá 1. október 1964.

Ellilífeyrisgreiðslur fyrrverandi ríkisstarfsmanna breytast samkvæmt lögum til samræmis við launabreytingar ríkisstarfsmanna, sbr. t. d. 12. gr. I nr. 29/1963, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins. Þykir rétt, að greiðslur til þeirra aðila, sem taldir eru á 18. gr. I og II a og b fjárlaga, hækki í samræmi og ellilífeyrisgreiðslur ríkisstarfsmanna, svo sem venja hefur verið. Er með frumvarpi þessu leitað heimildar Alþingis til greiðslu framangreindrar uppbótar.